

Ed.

599. Breytingartillaga

[136. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá félagsmálaráðherra.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

4. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Félagsmálaráðherra skipar húsnæðismálastofnun ríkisins framkvæmdarstjóra, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, og ákveður honum laun. Einnig ákveður ráðherrann þóknun til húsnæðismálastjórnar. Framkvæmdarstjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar. Hann ræður starfsmenn stofnunarinnar með samþykki ráðherra.